

Fundargerð aðalfundar Afréttarmálagfélags Flóa og Skeiða
Haldinn að Þingborg 29.03. 2024.

1. Formaður setti fundinn og stakk upp á Ara B Thorarensen sem fundarstjóra og sem fundarritara var það samþykkt.

2. Kannað var lögmæti fundarins og voru 7 af 8 kjörnum fulltrúum mættir.
Frá Sv. Árborg: Ari B Thorarensen .

Flóahreppi: Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þorsteinn Logi Einarsson, Skeggi Gunnarsson Einar Magnúsdóttir .

Skeið-Gnúp: Elín Mókvist og Ingvar Hjálmarsson.

Fjallkóngar þeir Ingvar Hjálmarsson, Ágúst I Ketillsson, og Halldór Vilhjálmsson og einnig 10 gestir.

3. Formaður fór yfir skýrslu stjórnar og gjaldkeri reikninga félagsins.

Umræður og spurningar voru um skýrsluna og reikninga og svöruðu formaður og gjaldkeri þeim. Skýrsla stjórnar og reikningar voru lagðir fram og samþykktir samhljóða.

4. Fundurinn samþykkti að fjallskil verði kr. 70,- á jarðarþúsund, kr. 300,- á heimafé og kr. 400,- á fjallfé.

Dagkaup fjallmanna verði óbreytt kr. 4500,- per. dag og laun í eftirsafni verði kr. 22.500,-

Leiga á húsum verði 4.500,- per mann Kletti og 3.500,- per mann Hallarmúli.

Laun formanns og gjaldkera verði 100.000,- og annara stjórnarmanna 25.000,-

Umræður voru um fjallskil á fundinum vegna taps á smalahlutanum í reikningum félagsins og mikils kostnaðar á árinu 2019 og 2020 vegna smalamennsku.

.

5. Kosningar. Stjórnarmenn allir gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ari B Thorarensen, Jón Vilmundarsson og Steindór Guðmundsson og var sú tillaga samþykkt samhljóða og skiptist stjórn þannig: Formaður Ari Thorarensen, gjaldkeri Steindór Guðmundsson og meðstjórnandi Jón Vilmundarson

Varastjórn Jökull Helgason og Þorsteinn Logi Einarsson.

5. Landbótaráætlun.

Steindór Guðmundsson fór yfir verkefni við landbótaráætlun og hvar var sáð og borinn á áburður og kjötmjöl og hvað væri framundan.

6. Önnur mál.

Tilhögun réttarstarfa í Reykjaréttum og tilhögun smalamennsku og rekstur til rétta. Lögð var áhersla á að slegið væri með vegum í Sandlækjarmýri og hvernig best væri að haga rekstri til framtíðar.

Rætt var um fyrirhugað hótél í Rauðukömbum og girðingu sem skerðir afréttinn og hvernig best væri að haga smalamensku með tilkomu hennar og einnig um tjón og bætur sem hlýst við skerðingu á afréttinum.

Ari B Thorarensen ritaði fundargerð.